



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 21. apríl 2017

Ákvörðun nr. 15/2017

Kaup Basko ehf. á Kvosinni ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Samkeppniseftirlitinu barst bréf þann 21. mars 2017 þar sem tilkynnt var um kaup Basko ehf. (hér eftir Basko) á Kvosinni ehf. (hér eftir Kvosin). Með tilkynningunni fylgdi svonefnd styttri samrunaskrá með upplýsingum um samrunann, sbr. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum og viðauka II við þær. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur framangreindur gerningur í sér samruna sem er tilkynningarskyldur í skilningi 17. gr. a laganna.

Þann 23. mars sl. var samrunaaðilum tilkynnt um að samrunaskráin væri fullnægjandi og frestir eftirlitsins til að rannsaka samrunann hefðu hafist þann 22. mars sl. Við meðferð málsins hefur Samkeppniseftirlitið yfirfarið gögn málsins og staðreynt þau með samanburði við opinber gögn og ýmsar upplýsingar sem eftirlitið býr yfir vegna úrlausna í eldri málum sem varða skilgreindan markað þessa máls.¹

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yferráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hvers konar aðgerðum samruni getur falist. Fellur umræddur samruni undir b. lið ákvæðisins þar sem fram kemur að samruni geti átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar vegna yfirtöku fyrirtækis á öðru fyrirtæki.

Í samrunaskrá segir að Basko sé eignarhaldsfélag í eigu tilgreinda fjárfesta sem halda utan um eignarhluti í fyrirtækjum í verslunar- og veitingarekstri. Þau félög sem eru undir yferráðum félagsins eru Rekstrarfélag Tíu-ellefu ehf. sem rekur samnefnda verslunarkeðju, og Ísland-Verslun hf. sem hefur með höndum rekstur verslunarkeðju undir vörumerkinu Iceland. eru þessar verslanir starfandi á dagvörumarkaði. Drangasker ehf. er jafnframt hluti af samstæðunni en það félag annast rekstur kaffihúsa undir vörumerkinu

¹ Í þessu sambandi má nefna skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2015 *Efla þarf samkeppni á dagvörumarkaði*, ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 7/2014 *Kaup Bekei hf. á Bakkanum vöruhótelu ehf., ELKO ehf., EXPO Kópavogi ehf., ISP á Íslandi ehf., Kaupási ehf. og fasteignum í eigu Smáragarðs ehf.* og ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 26/2016 *Kaup Horns III slhf. á hlut í Basko ehf.*



Dunkin` Donuts á grundvelli sérleyfis. Loks heldur fyrirtækið utan um erlend vörukaup, flutningsmál, tollaafgreiðslu, vörugeymslu og dreifingu innan samstæðunnar í gengum Imtex ehf.

Basko er undir sameiginlegum yfirráðum tiltekinna einstaklinga og framtakssjóðsins Horns III slhf. sem er í rekstri sjóðastýringarfyrirtækisins Landsbréfa, dótturfélags Landsbankans. Sjóðurinn er hugsaður sem fjárfestingabandalag um óskráðar fjárfestingar í íslensku atvinnulífi. Landsbréf hefur komið að fjárfestingum í ýmsum atvinnufyrirtækjum hér á landi, s.s. Hópbílum, Basko og Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni.² Ekkert þeirra fyrirtækja sem er undir yfirráðum Horns III starfar á sama markaði og verslanir í rekstri Basko. Kvosin er einkahlutafélag sem rekur eina verslun á dagvörumarkaði, verslunin er staðsett á Aðalstræti í Reykjavík og er í einkaeigu.

Við fjárfestingu Horns III í Basko gengust aðilar viðskiptanna undir skilyrði frá Samkeppniseftirlitinu sem ætlað er að tryggja samkeppnislegt sjálfsstæði Basko og Landsbréfa gagnvart Landsbankanum.³ Þá var ennfremur gengist undir það að upplýsingamiðlun til hlutahafa Horns III yrði hagað með tilteknum hætti. Var þessu fyrirkomulagi á upplýsingamiðlun ætlað var að koma í veg fyrir að viðkvæmar viðskiptaupplýsingar bærust á milli keppinauta. Skilyrðin í heild sinni má finna í ákvörðun eftirlitsins sem aðgengileg er á heimasíðu stofnunarinnar en þau eru enn í fullu gildi. Líkt og fram hefur komið þá snýr samruni þessi að fjárfestingu Basko í Kvosinni.⁴ Er því um láréttan samruna að ræða þar sem aðilar starfa á sama sölustigi dagvörumarkaðarins.

III.

Niðurstaða

1. Markaðir málsins

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna samkvæmt 17. gr. c samkeppnislaga verður að byrja á því að skilgreina þann markað sem við á. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgönguþjónustu. Staðganga er þegar vara eða þjónusta getur að fullu eða verulegu leyti komið í stað annarrar vöru eða þjónustu. Með hliðsjón af hagfræðilegum rökum þarf að líta á viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarmiðum; annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki orðið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008 *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 64/2008 *Misnotkun Haga hf. á markaðsráðandi stöðu sinni*, sbr. einnig úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 2/2009 *Hagar hf. gegn Samkeppniseftirlitinu* var matvörumarkaðurinn skilgreindur sem sala á dagvöru í matvöruverslunum. Var þessi skilgreining staðfest af Hæstarétti Íslands, sbr. dóm í máli nr. 188/2010. Með dagvöru er átt við vörur sem uppfylla daglegar neysluparfir

² Sjá ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2016 *Kaup Horns III slhf. á öllum hlutum í Hagvögnum hf., Hópbílum hf. og Hvaleyrri hf.* og nr. 26/2016 *Kaup Horns III á hlut í Basko ehf.* Þá var fjallað um fjárfestingu fyrirtækisins í Ölgerðinni í frétt Samkeppniseftirlitsins sem aðgengileg er á eftirfarandi hlekk: <http://www.samkeppni.is/utgafa/frettir/nr/2906>

³ Basko ehf., Horn III slhf., Landsbréf hf. og Landbankinn hf. gengust undir sáttina.

⁴ Nánari upplýsingar um starfsemi Kvosarinnar má finna á heimasíðu fyrirtækisins, www.kvosin.is



neytenda og þurfa þessar verslanir að hafa á boðstólum ákveðið úrval af, t.d. matar-, drykkjar-, hreinlætis- og snyrtivörum. Sala á dagvöru hefur þannig verið aðgreind frá sölu á sérvöru en margar matvöruverslanir bjóða jafnframt upp á allnokkurt úrval sérvara, t.d. fatnað og búsaðhöld. Þá hafa skýr skil verið gerð á milli sölu matvöruverslana á dagvörum annars vegar og svo sérverslana með matvöru hins vegar, s.s. bakaría og fisk- og kjötbúða. Hvað varðar sölu bensínstöðva á dagvöru kom fram í nefndum úrskurði áfrýjunarnefndar að ekki væru nægjanleg rök fyrir því að sala þeirra gæti frá sjónarhóli neytenda fallið undir þann markað sem almennar matvöruverslanir starfi á, að sökum þess að meginviðskipti bensínstöðvanna beindust að sölu á annars konar vöru en dagvöru.

Landfræðilegir markaðir fyrir sölu á dagvöru hafa verið skilgreindir staðbundnir þar sem t.d. höfuðborgarsvæðið hefur verið skilgreindur sérstakur markaður og eftir atvikum aðrir þéttbýliskjarnar og svæði á landinu, sbr. nefndur úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 2/2009.⁵

Hvað varðar starfsemi verslana Tíu ellefu er það mat Samkeppniseftirlitsins að hún sé tvíþætt að gerð sem getur haft áhrif á það hvaða vörumarkaði verslanirnar tilheyra við sölu á dagvöru. Í fyrsta lagi er um að ræða tegund verslana sem nefndar hafa verið „klukkubúðir“ og höfðu lengi vel hvað lengstan opnunartíma dagvöruverslana. Verðlag þessara verslana hefur verið hærra og vöruframboð annað en í öðrum tegundum verslana á dagvörumarkaði sem þær eru í samkeppni við. Þá hefur verslunarrými klukkubúða almennt verið minna en keppinauta sem ekki teljast til þess flokks verslana. Hafa þessar verslanir einnig verið nefndar þægindaverslanir (e. convenient store). Eru þær verslanir Tíu ellefu sem flokka má með þessum hætti 20 talsins (þar af 18 á höfuðborgarsvæðinu) og hafa þær m.a. í nefndum fyrri úrlausnum samkeppnisyfirvalda verið taldar starfa á dagvörumarkaðnum í samkeppni við t.d. Haga (Bónus og Hagkaup), Festi (Krónuna og Nóatún) og Samkaup (Nettó og Samkaup-Úrval).

Í öðru lagi hefur Basko eða Rekstrarfélag Tíu Ellefu ehf. frá árinu 2014 verið með samning við olíufélagið Skeljung hf. sem felur í sér að Tíu ellefu leigir fasteignir við dælustöðvar Skeljungs og rekur þar dagvöruverslanir. Er um að ræða 13 verslanir undir merkjum Tíu ellefu (þar af 11 á höfuðborgarsvæðinu) sem reknar eru samkvæmt þessum samningi við Skeljung. Var fjallað um samninginn og honum veitt undanþága frá bannákvæðum samkeppnislaga í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2014 *Beiðni Rekstrarfélagsins Tíu ellefu ehf. og Skeljungs hf. um undanþágu frá 10. gr. samkeppnislaga vegna rammásamnings um leigu á fasteignum fyrir dagvöruverslanir*. Sem fyrr segir hefur ekki verið litið svo á að sala bensínstöðva á dagvöru sé hluti af sama markaði og sala annarra dagvöruverslana á slíkri vöru, sbr. nefndan úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 2/2009 sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar. Þá var vísað til þess í umræddri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2014 að dagvörusala olíufélaga og sala söluturna á dagvörum hefði verið undanskilin frá dagvörumarkaðnum og verslanir Tíu ellefu væru því ekki á sama markaði og t.d. verslanir Skeljungs, þrátt fyrir að síðarnefndu verslanirnar seldu einnig eitthvert úrval dagvöru. Hins vegar væru þessi skil ekki skörp og vísað var til þess að í eldri málum hefði

⁵ Byggt hefur verið á sömu skilgreiningu og nálgun við skilgreiningu á dagvörumarkaðnum (bæði vöru- og landfræðilega markaðnum) í síðari málum, sbr. t.d. skýrslur Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2012 og 1/2015 þar sem fjallað var um samkeppni á dagvörumarkaðnum.



komið fram að þetta kynni að verða endurskoðað síðar og þá hugsanlega þannig að almennar verslanir Tíu ellefu og sá hluti olíufélaga sem sinnti dagvörusölu yrðu skilgreindir sem aðilar á sama markaði.

Samkeppniseftirlitið telur þó með hliðsjón af því að mál þetta varðar einungis yfirtöku á lítilli dagvöruverslun að ekki sé þörf á því í máli þessu að slá því föstu hvort vörumarkaðurinn sé dagvörumarkaðurinn í heild eins og hann hefur verið skilgreindur í fyrri málum eða hvort ástæða sé til að skilgreina hann þrengra þar sem t.a.m. sala á dagvöru í þægindaverslunum (þ.e. klukkubúðum og jafnvel einnig bensínstöðvum) sé sérstakur markaður. Eins og nánar verður vikið að hér á eftir er ljóst að burtséð frá því hvor leiðin yrði farin er niðurstaðan sú að samruninn myndi ekki hafa skaðleg áhrif á samkeppni.

Flestar verslanir Basko og jafnframt Kvosin starfa á höfuðborgarsvæðinu. Telur Samkeppniseftirlitið því að það svæði sé landfræðilegur markaður málsins.

2. Samkeppnisleg áhrif samrunans

Basko rekur í heild 31 Tíu ellefu verslanir á höfuðborgarsvæðinu (þar af 11 við bensínstöðvar Skeljungs) og þrjár Iceland verslanir.⁶ Mun samruninn fela það í sér að Kvosin verður sameinuð rekstri Basko.

Samkvæmt upplýsingum sem Samkeppniseftirlitið býr yfir um markaðshlutdeild verslana á dagvörumarkaði m.v. fyrri helming ársins 2016 og allt árið 2015 var hlutdeild Tíu ellefu og Iceland á bilinu 5-10% á höfuðborgarsvæðinu.⁷ Eru þá bara taldar með umræddar almennar verslanir Tíu ellefu. Hlutdeild Kvosarinnar á þessum markaði er óveruleg og því ljóst að yfirtakan mun ekki leiða til röskunar á samkeppni. Í þessu samhengi má geta þess að hlutdeild Haga (Hagkaup og Bónus) er samkvæmt sömu upplýsingum um 50-55% á höfuðborgarsvæðinu á nefndu tímabili, hlutdeild Kaupáss (Krónan og Nóatún) 20-25% og Samkaupa (Nettó, Samkaup-Úrval og Samkaup-Strax) 5-10%. Telur Samkeppniseftirlitið að hlutdeild Haga sé það há að hún veiti sterkar vísbendingar um að fyrirtækið sé enn í markaðsráðandi stöðu á dagvörumarkaðnum.

Þá telur Samkeppniseftirlitið ljóst að jafnvel þó litið yrði þrengra á markaðinn og hann skilgreindur t.d. sem sala klukkubúða eða þægindaverslana þar sem eftir atvikum verslanir bensínstöðva yrðu meðtaldar væri ekki ástæða til að ætla að samruninn raskaði samkeppni. Þó ljóst sé að markaðshlutdeild Basko miðað við þær forsendur væri mun hærrí eru þar starfandi öflug fyrirtæki eins og olíufélögin N1 (alls 28 verslanir – þar af 12 á höfuðborgarsvæðinu) og Olís (alls 39 verslanir – þar af 12 á höfuðborgarsvæðinu). Þá má t.a.m. ætla að verslanir Samkaupa-Strax í eigu Samkaupa myndu falla í flokk þægindaverslana. Þá er ljóst að staða Haga á tengdum markaði (dagvörumarkaðnum) er fyrir mjög sterk og má ætla að það fyrirtæki og verslanir þess muni eftir sem áður vera í stakk búnar til að veita umtalsvert samkeppnislegt aðhald.

Í 17. gr. c samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík

⁶ Samkvæmt heimasíðu Tíu ellefu, sótt 11. apríl 2017.

⁷ Nákvæm hlutdeild er felld út vegna trúnaðar.



staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti, geti stofnunin ógilt samrunann eða sett honum skilyrði.

Að mati Samkeppniseftirlitsins er ljóst að aukning samþjöppunar vegna þessara viðskipta á dagvörumarkaðnum er óveruleg og er hlutdeild samrunaaðila verulega undir þeim mörkum að ástæða sé til þess að ætla að samkeppnisbrestir fylgi þeim samruna sem hér um ræðir. Þá er ljóst að jafnvel þó litið yrði þrengra á markaðinn og hlutdeild verslana Tíu ellefu (bæði almennra dagvöruverslana og verslana á bensínstöðvum) myndi vera umtalsvert meiri er ekki hætt á að markaðsráðandi staða sé að verða til, hún að styrkjast eða að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti. Kemur þar til sterk staða keppnauta og mikið samkeppnislegt aðhald frá aðilum á tengdum markaði, þ.e. dagvörumarkaðnum.

Með hliðsjón af framansögðu er það mat Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að kaup Basko á Kvosinni hindri virka samkeppni í skilningi 17. gr. c samkeppnislaga. Að öllu framangreindu virtu er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna þessa samruna.

Ákvörðunarorð:

„Kaup Basko ehf. á Kvosinni ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til þess að aðhafast vegna samrunans.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson